



27. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 20. nóvember 2012, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 27. fundar þriðjudaginn 20. nóvember 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2014-2016 – Fyrri umræða.
2. Áætlun um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðunum reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. – Fyrri umræða.
3. Fundargerðir:
 - a. Bæjarráð frá 29. október 2012
 - b. Bæjarráð frá 7. nóvember 2012
 - c. Jafnréttisnefnd frá 3. október 2012
4. Skýrsla bæjarstjóra

Afgreiðslur:

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2014-2016 – Fyrri umræða:

Lögð var fram 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árin 2014-2016. Fyrri umræða. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar 2014-2016 til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Áætlun um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðunum reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. – Fyrri umræða:

Reglugerð þessi er sett í þeim tilgangi að setja skýr viðmið um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga og tryggja virkt eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli kröfur um fjárhagslega sjálfbærni samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. Markmið reglugerðarinnar er ennfremur að stuðla að gagnsæi og samræmdu verklagi við mat á fjárhagslegri stöðu og aðkomu sveitarfélaga og tryggja formfestu í samskiptum þeirra við þá aðila sem hafa eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa allt að 10 ár til aðlögunar að markmiðum reglugerðarinnar.

Miklar umræður urðu um reglugerðina og stöðu sveitarfélagsins almennt. Að henni lokinni vísaði forseti áætluninni til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



3. Fundargerðir:

a. Bæjarráð frá 29. október 2012

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. Bæjarráð frá 7. nóvember 2012

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum nokkrum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

c. Jafnréttisnefnd frá 3. október 2012

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Skýrsla bæjarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri hóf mál sitt á að ræða um að þann 15. nóvember s.l. hefði Ríkiskaup f.h. Blönduósþæjar opnað tilboð sem bárust í tryggingar sveitarfélagsins. Tilboð bárust frá þremur aðilum og var lægsta tilboðið um 2 mkr. lægra en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir.

Arnar sagði frá 100 ára byggingarafmæli Kvennaskólans sem fram fór þann 12. nóvember að viðstöddu fjölmenni m.a. Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra sem flutti ávarp og undirritaði jafnframt samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þekkingarsetursins um rekstur setursins en Þekkingarsetrið var formlega opnað þennan sama dag.

Arnar Þór fór ásamt Jóni Óskari Péturssyni, framkvæmdastjóra SSSNV til London dagana 14.-15. nóvember s.l. til að vera viðstaddir gagnaversráðstefnu á vegum Datacenter Dynamics. Datacenter Dynamics er langstærsti kynningar- og ráðstefnuhaldari á sviði gagnavera í dag. Fyrirlestrar um þróun og tækninýjungar á sviði gagnavera voru haldnir báða dagana. Á ráðstefnunni kom skýrt fram hversu mikil samkeppni er milli þjóða um að laða að slíka fjárfestingu. Svíar og Finnar hafa náð umtalsverðum árangri á síðustu árum.

Fram kom hjá Arnari að Dagur atvinnulífsins á Norðurlandi vestra verður haldinn fimmtudaginn 22. nóvember í Kántrýbæ á Skagaströnd frá kl. 14:00 til 17:00. Viðburðinum er ætlað að skapa vettvang til kynningar á starfsemi sem fram fer á svæðinu og umræðu um atvinnumál. Dagskránni lýkur með afhendingu Hvatningarverðlauna SSSNV atvinnuþróunar.

Bæjarstjórinn fór síðan yfir helstu verkefni framundan en þau varða samþykktir Blönduósþæjar, jafnréttisáætlun bæjarins, reglur um innkaup sveitarfélagsins og siðareglur Blönduósþæjar.



Fleira kom ekki fram í máli bæjarstjóra að þessu sinni. Nokkrar umræður urðu um skýrslu bæjarstjóra.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:45.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)